

Nd.

328. Frumvarp til laga

[151. mál]

um gjald af gas- og brennsluolíum.

(Eftir 2. umr. í Nd., 12. febr.)

1. gr.

Greiða skal gjald af gasolíu, tnr. 27.10.40, og brennsluolíu, tnr. 27.10.50. Skal gjald þetta nema kr. 1.33 af hverju kg.

2. gr.

Gjald þetta skal innheimt með aðflutningsgjöldum. Skulu ákvæði laga nr. 6/1974 um tollskrá o. fl. svo og laga nr. 59/1969 um tollheimtu og tolleftirlit gilda um gjald samkvæmt lögum þessum eftir því sem við á.

3. gr.

Ráðherra er heimilt að ákveða, að innflytjendur fái gjaldfrest á greiðslu gjalds þessa, er miðist við sölu birgða.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Ákvæði til bráðabirgða.

Gjald samkvæmt 1. gr. skal einnig innheimt af þar greindum olíum sem í birgðum eru í landinu við gildistöku laga þessara hjá innflytjendum og öðrum söluaðilum.